

Alþingi
Erindi nr. P 133/383
komudagur 28.11. 2006

28.11.2006

Efnahags- og viðskiptanefnd

B.t. Selmu Hafliðadóttur ritara efnahags- og viðskiptanefndar

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til Fasteignamats ríkisins dags. 24. nóvember 2006 varðandi umsögn um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 350. mál.

Í dag, 28. nóvember 2006, komu forstjóri og aðstoðarforstjóri Fasteignamats ríkisins fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, lögðu fram ýmis gögn er varða viðfangsefnið og svöruðu spurningum nefndarmanna. Sjónarmið stofnunarinnar um mál þetta komu fram í þessari heimsókn. Fasteignamat ríkisins telur mikilvægt að frumvarpið verði að lögum um næstu áramót þannig að fjárhagur stofnunarinnar hvað varðar Landskrá fasteigna sé tryggður.

Haukur Ingibergsson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/533
komudagur 4.12.2006

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
b/t efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 4. desember 2006

**Efni : Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 350. mál,
framlenging umsýslugjalds.**

Neytendasamtökin geta ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps. Minnt er á að nú er í annað sinn lagt til að halda áfram töku sérstaks umsýslugjalds til að halda og þróa Landskrá fasteinga. Minnt er á að þegar sambærilegt frumvarp var til umfjöllunar á Alþingi haustið 2004 var lagt til að framlengja þessa gjaldtöku í fjögur ár. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að efnahags- og viðskiptanefnd "taldi að leita yrði leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bæru einir. Því lagði nefndin til að umsýslugjaldið yrði einungis innheimt með þessum hætti í tvö ár til viðbótar. Eftir það skyldi tekna aflað með öðrum hætti."

Neytendasamtökin taka undir þetta sjónarmið. Jafnframt telja samtökin að þegar lagt er á tímabundið gjald eigi þær dagsetningar sem kveðið er á um í viðkomandi lögum að standa. Annað er að mati Neytendasamtakanna slæm stjórnsýsla. Því hvetja Neytendasamtökin til þess að farið verði að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar og að aflað sé tekna með öðrum hætti til þessa verkefnis en með álögum á fasteignaeigendur.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson, formaður

Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10	Dagsetning 4. desember 2006	Tilvísun A-8 SP/bb
---	--------------------------------	--------------------------

150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar frá 24. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 350. mál, framlenging umsýslugjalds.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að framlengja innheimtu umsýslugjalds á árinu 2007 og 2008. Svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins nemur gjaldið 0,1 prómilli af brunabótamati og er það innheimt af húseigendum samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins “við að halda og þróa” Landskrá fasteigna.

Til svars erindinu skal tekið fram að nú stendur yfir athugun að beiðni þingflokks Frjálslyndaflokksins á nánar tilgreindum þáttum í fjárreiðum Fasteignamats ríkisins. Meðal þess sem athugunin nær til er innheimta og ráðstöfun umsýslugjalds, sem ofangreint frumvarp lýtur að. Þar sem athuguninni er ekki lokið treystir Ríkisendurskoðun sér ekki til að svo stöddu að tjá sig um efni frumvarpsins en stofnunin mun reyna að ljúka verkefninu svo fljótt sem kostur er. Í framhaldi af því mun hún gera nefndinni grein fyrir niðurstöðu sinni.





SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/181

Alþingi

Erindi nr. P 133/353

komudagur 27.11.2006

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Telefax: +354-568 9664
www.sit.is

27. nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, 350. mál.

Í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna skulu húseigendur greiða umsýslugjald sem nemur 0,1% af brunabótamati hvernar húseignar á árunum 2005 og 2006. Er váttryggingafélagunum gert að innheimta þetta gjald samhliða iðgjöldum félaganna vegna lögboðinna brunatrygginga húseigna. Samkvæmt nógildandi bráðabirgðaákvæði fellur umsýslugjaldið því niður í lok þessa árs.


Löngum hefur eigendum húsnæðis hér á landi verið skylt að lögum að brunatryggja húseignir sínar. Jafnframt hefur löggjafinn í árunna rás mælt fyrir um ýmis gjöld til opinberra aðila, sem reiknuð skulu af brunabótamati/váttryggingarfjárhæð húseignanna. Hefur váttryggingafélagum verið gert að innheimta þau gjöld samhliða iðgjöldum sínum. Þessi opinberu gjöld, sem eru samtals margfalt hærri heldur en sjálf iðgjöldin, eru sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Brunavarnagjald skv. 1. nr. 75/2000 um brunavarnir.
Rennur til starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins | 0.045% |
| 2. Umsýslugjald skv. 1. um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 m. síðari breytingum.
Rennur til Fasteignamats ríkisins/Landskrár fasteigna | 0.100% |
| 3. Gjald skv. lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997. Rennur til Ofanflóðasjóðs. | 0.300% |
| 4. Viðlagatryggingariðgjald skv. 1. nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. | 0.250% |
| Alls af váttryggingarfjárhæð (brunabótamati). | 0.695% |

Að lögbjóða váttryggingu og nota svo það réttarástand sem beint tilefni til margvíslegrar opinberrar gjaldtöku á hendur húseigendum er auðvitað almennt ekki sæmandi.

Landskrá fasteigna og uppbygging hennar hefur geysimikla þýðingu, bæði til að halda utan um hagsmuni og réttindi einstaklinga/lögaðila og hins opinbera. Ekki er þó sanngjarnt, að eigendur húsnæðis standi einir undir uppbyggingu slíkrar skrár. Miklu varðar þó, að uppbyggingu Landskrár fasteigna verði lokið eins og að var stefnt. Fyrir liggur, að fjármálaráðuneytið hefur skipað sérstakan starfshóp í því skyni að taka til gagn Gerrar endurskoðunar verkefni Fasteignamats ríkisins/Landskrár fasteigna og þar með tilhögun fjármögnunar þeirra verkefna. Loks liggur fyrir, að í þessu frumvarpi er við það miðað, að innheimtan á umsýslugjaldinu eigi ekki að vera varanleg, heldur einungis bundin við árin 2007 og 2008. Með vísan til framangreinds er því af hálfu SÍT ekki lagst gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/535
komudagur 4.12.2006

4.12.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, þingmál 350.

Í frumvarpinu er lagt til að sérstakt umsýslugjald, 0,1% af brunabótamati hverrar húseignar, verði lagt á árin 2007 og 2008 til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að halda og þróa Landskrá fasteigna. Gjald þetta hefur verið lagt á síðan árið 2000 og skilað 1,6 milljarði króna. Vegna hækkunar brunabótamats fasteigna hafa tekjur af gjaldinu stórhækkað og nema árlega 325 m.kr. þannig að farið er fram á 650 m.kr. til viðbótar til verkefnisins.

Gríðarlegum fjárhæðum hefur verið varið til þessa verkefnis sem ekki er gerð grein fyrir í frumvarpinu hvernig varið hefur verið. Til samanburðar við þær 325 m.kr. sem þessi skattur á húseigendur á að skila árlega, þá er fjárveiting til Fasteignamats ríkisins 355,3 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2007. Í greinargerð með frumvarpinu eru auk þess viðraðar efasemdir um ávinning þessarar fjárfestingar í ljósi þess að eignarskattur hefur verið aflagður og að skylda til brunatryggingar virðist einsdæmi hér á landi.

Samtök atvinnulífsins undrast að ekki hafi tekist að ljúka þessu verkefni þrátt fyrir þær gífurlegu fjárhæðir sem runnið hafa til þess. Grunsemdir hljóta að vakna um að málið sé komið í eitthvert óefni í ljósi þess dráttar sem orðinn er á því. Í frumvarpinu er ekki að finna nægilegan rökstuðning fyrir því að halda áfram að veita verulegum fjármunum til þessa verkefnis og kalla eftir því að nánari grein verði gerð fyrir því hvernig þessum 1,6 milljarði króna hefur verið varið á undanförunum árum og hvernig fyrirhugað er að verja 650 m.kr. til viðbótar. Þá væri ekki úr vegi að gerð yrði kostnaðar- og ábatagreiningu af þessu starfi við Landskrá fasteigna.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 133/534
komudagur 4.12.2006


4. desember 2006


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 25. nóvember 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna, 350. mál, framlenging umsýslugjalds.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605